

## Fyrirspurn

til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um utanlandsferðir  
á vegum ráðuneytisins.

Frá Þorsteini Sæmundssyni.

1. Hversu margar utanlandsferðir fóru árin 2016–2019:
  - a. ráðherra,
  - b. yfirstjórn,
  - c. almennir starfsmenn,
  - d. starfsmenn stofnana á málefnasviði ráðherra, sundurliðað eftir stofnunum?
2. Voru ferðirnar kolefnisjafnaðar?
3. Er til fjarfundabúnaður í ráðuneytinu eða í framangreindum stofnunum og ef svo er, hvar?
4. Hversu margir fundir voru haldnir með fjarfundabúnaði árin 2016–2019 með aðilum í útlöndum?

Skriflegt svar óskast.